

Nd.

210. Nefndarálit

[88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess við sérfræðinganevnd þá, er frumvarpið samdi. Hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að frumvarpið verði samþykkt að gerðum þeim breytingum, sem borin er fram tillaga um á sérstöku þingskjali.

Frumvarp þetta er einn þáttur í þeirri heildarendurskoðun á skattalöggjöf landsins, sem nú fer fram og samkvæmt yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar miðar að því að draga úr beinum tekjusköttum, en afla ríkinu tekna með öðrum hætti. Tilætlunin með frumvarpi þessu er því ekki að auka á skattabyrðar þegnanna, heldur eru hér aðeins álögur færðar til milli skattstofna. Við undirritaðir teljum heildarendurskoðun skattalaganna tímabæra og nauðsynlega og föllumst á þann hluta hennar, sem í þessu frumvarpi felst, og mælum því með samþykkt þess.

Alþingi, 17. marz 1960.

Birgir Kjaran,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Jóhann Hafstein.